



Alþingi
Erindi nr. P 140/1043
komudagur 15.2.2012

15.2.2012

Nefndasvið Alþingis

Á 578. fundi bæjarráðs Hornafjarðar 13. febrúar s.l. var á dagskrá að veita umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 202. mál ((uppboð aflaheimilda).

Eftirfarandi var bókað af því tilefni:

„Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu sína til málsins.“

Meðfylgjandi er umsögn sveitarfélagsins frá 23. ágúst 2011 í viðhengi.

Virðingarfyllt,

Ólafía I. Gísladóttir

ritari

olafia@hornafjordur.is

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27

780 Hornafirði

sími 470 8000

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Hornafirði, 23. ágúst 2011
nr. erindis 201105020 HÞV

Málefni: Umsögn bæjarráðs Hornafjarðar um frumvarp til breytingar á stjórn fiskveiða, mál nr. 827

Bæjarráð og bæjarstjórn Hornafjarðar hafa undanfarin misseri samþykkt bókanir um fiskveiðistjórnunarmál þar sem lögð hefur verið áhersla á að leita beri eftir sátt um málið meðal þjóðarinnar og hagsmunaaðila, vinna að breytingum sem skaði ekki sjávarbyggðir landsins og byggja fiskveiðistjórnunarkerfið á niðurstöðu Sáttanefndar í sjávarútvegs málum sem skilaði af sér haustið 2010.

Í því skyni að greina með skýrum hætti áhrif á samfélagið samþykkti bæjarráð Hornafjarðar samhljóða að fá endurskoðunarfyrtækið KPMG til að meta áhrif frumvarpa til breytinga á stjórn fiskveiða á Hornafjörð. Lokaskýrsla um áhrif stærra frumvarpsins verður gerð opinber í þessari viku.

Bæjaryfirvöld á Hornafirði hafa fylgst eins náið og þau hafa átt kost á með umræðu og vinnu tengda breytingum á lögum um fiskveiðistjórnun. Sjávarútvegur, afkoma greinarinnar og gengi skiptir sveitarfélagið gríðarlega miklu máli enda meginstoð atvinnulífs á staðnum. Á síðustu árum hefur vinnsla aukist mjög á Hornafirði auk þess sem útflutningsfyrtæki sem stofnað var fyrir fáum árum sér um útflutning á stærstum hluta afurða á staðnum. Fjöldi starfa telur hundruð og fjöldi fyrirtækja tugi. Afleidd störf eru fjölmörg í flutningum, vélsmíði auk þjónustugreina ýmiss konar en gerð verður ítarlegri og nánari grein fyrir því í lokaskýrslu KPMG. Meginniðurstöður úr þeirri vinnu eru kynntar hér að neðan en auk þess fylgir Skýrsla KPMG um áhrif laga nr. 70/2011 með sem fylgigagn.

Athuganir KPMG sýna að nýlega lögfestar breytingar og þær sem kynntar eru í máli nr. 827 munu hafa veruleg áhrif á sjávarútveg á Hornafirði og leiða til breytinga í kjölfarið. Hér að neðan verður gerð grein fyrir metnum áhrifum af hvoru frumvarpi fyrir sig.

Helstu niðurstöður í áliti KPMG um áhrif „minna frumvarpsins“ (lög nr. 70/2011) eru eftirfarandi:

- Þorskígildistonn á staðnum dragast saman um allt að 581 tonn fyrsta árið miðað við heimildir ráðherra og óbreytta úthlutun frá fiskveiðiarinu 2010-2011.
- Að samdrátturinn felur í sér ígildi sex hásetahluta auk afleiddra starfa. Þetta þýðir allt að 17 m.kr. tekjusamdrátt fyrir sveitarfélagið.
- Aflaverðmæti minnkar um allt að 190 m.kr.
- Áhrif af aukinni strandveiði eru mjög lítil á Hornafirði sökum landfræðilegrar legu sveitarfélagsins og því munu þær hafa tiltölulega lítil mótvægisáhrif.

Það er því ljóst að lögfesting „minna“ frumvarpsins mun þegar hafa veruleg áhrif á afkomu einstaklinga, fyrirtækja og sveitarsjóðs.

Þrátt fyrir að lokaskýrsla um áhrif stærra frumvarpsins liggi ekki endanlega fyrir eru helstu niðurstöður starfsmanna KPMG um það (mál nr. 827) eftirfarandi:

- Þorskígildistonn í sveitarfélaginu dragast saman um rúmlega 1.600 tonn.
- Samdráttur aflaheimilda nemur tæplega 9%
- Aflaverðmæti af afdregnum kvóta er miðað við verð í dag 540 m.kr..
- Útgerðir á Hornafirði byggir að verulegu leyti á uppsjávartegundum, sérstaklega loðnu og sild, og hafa þær keypt til sín aflaheimildir í þeim tegundum á undanförunum árum sem skerðast munu um 5.128 tonn eða sem samsvarar 604 þorskígildum.
- Jafnframt er humar skertur um 493 þorskígildistonn en humarveiði og vinnsla hefur skipt miklu máli á Hornafirði.

Í ljósi niðurstaðna af vinnu KPMG og annarra gagna sem sveitarstjórnarmenn hafa kynnt sér hefur bæjarráð Hornafjarðar verulega þungar áhyggjur af þeim farvegi sem breytingar á fiskveiðistjórnun eru komnar í og ef mál nr. 827 verður afgreitt frá Alþingi skv. fyrirbyggjandi drögum, munu þau hafa veruleg neikvæð áhrif á grunnatvinnugrein sveitarfélagsins.

Auk beinna áhrifa sem felast í flutningi aflaheimilda frá Hornafirði vill bæjarráð Hornafjarðar líka benda á að frumvörpin auka einnig mjög á óvissu um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, stórra sem smárra, á Hornafirði til skemmri og lengri tíma lítið. Því til rökstuðnings bendir bæjarráð á *Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475* sem unnin var af sérfræðihóp skipuðum af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skilað niðurstöðum þann 14. júní 2011. Þar segir meðal annars að „*lykilþættir í samningaleiðinni eru tímalegnd nýtingaréttar og ákvæði um endurnýjun. Takmörkuðum úthlutunartíma fylgja vandamál. Ekki skapast skilyrði til langtímahugsunar hjá nýtingaraðila ef úthlutunartími er stuttur. Þetta er svokallaður leigjendavandi. Draga má úr þessum neikvæðu afleiðingum með því að lengja nýtingartíma eða með því að auðvelda endurnýjun, t.d. með setningu almennra viðmiðana um skilyrði endurnýjunar sem liggja fyrir með rúmum fyrirvara.*“

Sveitarfélagið Hornafjörður byggir afkomu sína að verulegu leyti á afkomu í sjávarútvegi. Afkoma greinarinnar er eitt stærsta hagsmunamál íbúa á hverjum tíma. Allar breytingar á kerfinu, að mati bæjarráðs Hornafjarðar, verða að miða að því að skapa meiri festu fyrir íbúa staðanna, tryggja arðsemi í greininni og áframhaldandi þróun hennar. Hornafjörður hefur ekki fengið úthlutað byggðakvóta á undangegnum árum og eins og fram kemur hér að ofan hefur aukin strandveiði ekki umtalsverð áhrif

hér heldur. Það er einnig með öllu óútfært hvernig úthlutun úr „pottum“ verður háttáð sem eykur óvissu enn frekar.

Frumvarpið sem slíkt minnkar ekki óvissu varðandi framtíðarskipan veiða og vinnslu í sveitarfélaginu heldur kunni jafnvel að auka hana og nær því ekki einu markmiðum frumvarpsins sem var að auka stöðugleika í byggðarþróun á Íslandi.

Bæjarráð ítrekar því afstöðu bæjarstjórnar frá því í júní um að nýta ætti næstu mánuði í samráð um breytingar á kerfinu sem geti skilað almennri sátt í málinu og að ekki verði ráðist í breytingar sem skaði einstök byggðarlög.

Að óbreyttum frumvörpum verður ekki séð annað en að Sveitarfélagið Hornafjörður verði fyrir einhverju mesta áfalli, hvað varðar atvinnulíf staðarins, fyrr og síðar.

Virðingarfyllst,

Hjalti Þór Vignisson
bæjarstjóri Hornafjarðar

Meðfylgjandi: Skýrslur og minnisblöð unnar af KPMG fyrir sveitarfélagið Hornafjörð.